

Stjórn KSÍ

Reykjavík, 10. febrúar 2023.

Efni: Umsögn stjórnar KSÍ vegna lagabreytingartillögu um réttindamál (Þingskjal 10).

Stjórn KSÍ vísar til umfjöllunar laga- og leikreglanefndar um breytingartillögu á grein 42.2. í lögum KSÍ.

Hafa þarf í huga samræmi tillögu að breyttri grein 42.2. við aðrar lagagreinar. Tillaga að breytingu gengur að mati stjórnar KSÍ lengra en orðalag í grein 42.1. gefur til kynna. Samkvæmt greinininni er KSÍ og félagin innan KSÍ eigendur alls réttar sem tengist mótahaldi KSÍ og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af KSÍ. Orðalag í breytingartillögu fer að mati stjórnar KSÍ ekki saman við það orðalag og gengur enn lengra en þar er kveðið á um. Jafnframt er það mat stjórnar að orðalag í breytingartillögu sé í mótsögn við núgildandi orðalag í 42.2.

Stjórn KSÍ telur ekki vera þörf á breytingu á orðalagi 42. greinar laga KSÍ. Greinin sé skýr hvað varðar eign réttinda og flokkun þeirra.

Stjórn KSÍ